

er í Seyðisfirði með opnu brjefi 14. desember 1842, skuli 1855.  
setja á Fjarðaröldu, í áframhaldandi röð frá húsi því, er Thom- 6. janúar.  
sen kaupmaður hefur byggt þar, og felum Vjer einnig allramildi-  
legast innanríkisstjórn Vorri á hendur að ákveða nákvæmar  
takmörkin fyrir stærð kaupstaðarins, þegar hún hefur fengið  
frumvarp um það frá hlutaðeigandi embættismönnum; þó skal  
hinum núverandi eigendum verzlunar Öruns & Vulffs sjálfum  
heimilt að verzla framvegis í kaupstað þeim, sem þeir hafa  
byggt á Vestdalseyri”.

## 2. Umburðarbrjef innanríkisstjórnarinnar til stiptamt- 29. janúar. mannsins og amtmannanna á Íslandi um kvartanir Íslendinga yfir skorti á kornvörum í kaupstöðunum.

Það hefur opt borið við, einkum á seinni tímum, að yfir-  
völdin á Íslandi og landsmenn hafa leitað til stjórnarinnar, þegar  
það einhverra hluta vegna, hefur þótt líklegt, að hætt væri við  
að landið væri ekki nógu byrgt af nauðsynjavörum, einkum korn-  
vörum, og beðið hana að hlutast svo til að ráðið yrði úr þess  
konar skorti, og hefur stjórnin, eins og stiptamtmaðurinn (amt-  
maðurinn) veit, leitast við að verða við þessum bænum þeirra,  
að því leyti sem hún hefur getað.

En þegar að nú lögin 15. apríl f. á. um siglingar og verzlun  
á Íslandi hafa leyft útlendum þjóðum að sigla á allar hafnir á  
landinu, flýtur af því, að hvorki stjórnin eða danskir kaupmenn  
geta haft neina sjerlega skyldu til að annast um vörubygðir í  
landinu framvegis, og biður því stjórnin stiptamtmanninn (atmt.)  
að láta menn í sínu umdæmi vita, að þeir verði sjálfir að hafa  
fyrirhyggju fyrir því að byrgja sig með alls konar nauðsynja-  
vörum, og þeir megi ekki vænta neinnar sjerlegrar hjálpar frá  
stjórninni í því efni.